

Framboð til kirkjuþings

Davíð Stefánsson

1. kjördæmi
Reykjavíkurbíofastdæmi vestra



Ágætu kjörmenn,

Ég heiti Davíð Stefánsson og býð mig fram til kirkjuþings í 1. kjördæmi, Reykjavíkurbíofastdæmi vestra.

Málefni Þjóðkirkjunnar hafa í mínum huga lengi skipað mikilvægan sess. Allt frá uppvaxtarárum í kristilegu starfi KFUM á Akureyri hef ég litið á kristna trú og lífsskoðun sem grundvöll kærleika, friðar og farsældar í samfélagi manna, gegn heiftúð, öfgum og sundrung.

Vörn og sókn kirkjunnar er íslensku samfélagi afar mikilvæg. Öflug boðun, skýlaus ábyrgð og traust fjármálastjórn gegna lykilhlutverki í sókn og styrkingu kirkjunnar. Þar vil ég leggja mitt af mörkum.

Ég lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1985, bakkalárgráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands 1995 og hlaut meistaragráðu í stjórnunar- og sýslufræðum frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum árið 1997.

Ég bý og starfa í Reykjavík. Ég hef rekið eigið ráðgjafarfyritæki frá árinu 2009, einkum á sviði viðskipta- og verkefnaþróunar með áherslu á innviðaupbyggingu, endurnýjanlega orku og loftslagsmál.

Í gegnum tíðina hef ég ritað margt og tekið þátt í margvíslegri þjóðmálaumræðu. Á árunum 2019 til 2020 var ég ritstjóri Fréttablaðsins. Á árunum 1987 til 1995 sat ég í Útvarpsráði kjörinn af Alþingi. Frá unga aldri hef ég verið í forystu samtaka og félagshópa af margvíslegum toga, gegnt formennsku í Sambandi ungra sjálfstæðismanna 1989 til 1991 og formennsku í ýmsum menningar- og menntasamtökum, verið í forystu alþjóðlegra samtaka og tekið virkan þátt í alþjóðasamskiptum. Ég var meðal annars í stjórn og stjórnarformaður Norræna þróunarsjóðsins sem styður framþróun fátækustu

ríkja heims. Í dag er ég formaður Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu og alþjóðamál. Undanfarin ár hef ég starfað í sóknarnefnd Neskirkju og í launanefnd Þjóðkirkjunnar. Ég hef áhuga á uppbyggingu kirkjunnar og boðskap hennar. Ég tel mig þar hafa reynslu og þekkingu til gagns.

Ég bið um þinn stuðning fyrir komandi kirkjuþing til að vinna í þágu kirkjunnar og þeirra sem hana sækja.

Með góðri kveðju,

Davíð Stefánsson